

LÖG

um breyting á lögum um vísitölu byggingarkostnaðar, nr. 42 30. mars 1987.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir ákvæði til bráðabirgða í lögnum komi nýtt ákvæði svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða II.

Eftir upptöku virðisaukaskatts hinn 1. janúar 1990 skal Hagstofa Íslands við útreikning vísitölu byggingarkostnaðar frá og með janúar 1990 taka tillit til endurgreiðslna virðisaukaskatts af byggingu íbúðarhúsnæðis vegna vinnu á byggingarstað, sbr. 2. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988, með áorðnum breytingum, þannig að endurgreiddur virðisaukaskattur sé dreginn frá byggingarkostnaði reiknuðum með fullum virðisaukaskatti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Júlíus Sólnes.